

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 26. júní 2009

Ný skoðun Viðskiptaráðs: Skattlagning vaxtagreiðslna

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem felur í sér fyrstu aðgerðir til að brúa fjárlagahalla ríkissjóðs á komandi misserum. Mörgum orðum væri hægt að fara um frumvarpið og þær breytingar sem það felur í sér á sviði skatt- og gjaldheimtu og ljóst er að skiptar skoðanir eru um ágæti þeirra. Efni þessarar skoðunar er aftur á móti einskorðað við þann hluta frumvarpsins sem lýtur að skattlagningu vaxtagreiðslna til erlendra aðila. Sambærilegar tillögur voru kynntar til sögunnar af hálfu fjármálaráðuneytisins á síðastliðnu vorþingi en vegna rökstuddrar andstöðu fjölda aðila taldi efnahags- og skattanefnd tilefni til að skoða betur áhrif slíkrar skattlagningar og ákvað að fella ákvæðið úr frumvarpinu.

Markmið frumvarpsins þá voru af hinu góða, þ.e. að skerpa á framkvæmd og skilvirkni skattheimtu og draga úr skattaundanskotum. Ástæða andstöðu umsagnaraðila var hinsvegar að skattlagning í samræmi við frumvarpið hefði verulega skaðleg áhrif á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja, sem þegar er afar slök vegna núverandi efnahagsaðstæðna. Löggiöfin myndi takmarka frekar aðgengi þeirra að erlendu lánsfjármagni og gera það litla fjármagn sem í boði er mun dýrara. Því miður virðist ráðuneytið ekki hafa tekið athugasemdir og gögn umsagnaraðila í þessa veru til nánari athugunar líkt og efnahags- og skattanefnd lagði til í nefndaráli sínu, en ákvæðið og athugasemdir frumvarpsins eru nær óbreyttar.

Mikilvægt er að stjórnvöld taki tillit til þessara athugasemda og vinni að því að ná ásættanlegri niðurstöðu í þessu máli í góðri samvinnu við íslensk fyrirtæki. Neikvæðar afleiðingar þess að lögfesta skattlagningu vaxtagreiðslna eru margvíslegar og hafa lítið með vafasama viðskiptahætti að gera. Í fyrsta lagi má gera ráð fyrir að íslensk fyrirtæki muni í reynd bera þann skatt sem frumvarpið hyggst leggja á móttakanda vaxtagreiðslunnar; í öðru lagi mun skattlagningin leggja þránd í götu erlendrar fjárfestingar hérlandis og var þó staðan verulega slæm fyrir; í þriðja lagi þá verður hér við lýði skattlagning sem þekkt ekki innan innri markaðar Evrópu og í fjórða lagi verður vegið að grundvelli afnáms gjaldeyrishafta hvað nýjar fjárfestingar varðar. Fjárhagslegir hagsmunir ríkissjóðs af skattlagningunni eru afar takmarkaðir en eins og greint hefur verið frá geta neikvæðar afleiðingar þess orðið verulegar. Viðskiptaráð hvetur því stjórnvöld til að fella út ákvæði frumvarpsins sem tekur til skattlagningar vaxtagreiðslna til erlendra aðila og endurmóta hana í samvinnu við atvinnulíf og aðra hagsmunaaðila.

Skoðunina í heild má lesa [hér](#).

Viðtal við Finn Oddsson í nýjasta tölublaði Neytendablaðsins

Í nýjasta tölublaði Neytendablaðsins situr Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, fyrir svörum um útgáfu ráðsins í tengslum við stöðu fjármálakerfisins á Íslandi undanfarin ár. Í viðtalinu ræðir Finnur um markmið útgáfunnar, stöðu fjármálakerfisins og réttmæti þeirrar gagnrýni sem kerfið hefur legið undir. Í viðtalinu má finna svör við ýmsum af þeim spurningum sem komið hafa upp í almennri umræðu varðandi þátttöku Viðskiptaráðs í alþjóðlegri upplýsingamiðlun íslensks viðskiptalífs og hvetur ráðið þá sem áhuga hafa til að lesa viðtalið í heild.

Viðtalið í heild má lesa [hér](#).

Neytendablaðið er gefið út af Neytendasamtökunum fjórum sinnum á ári og má þar finna ýmsan gagnlegan fróðleik fyrir íslenska neytendur. Áskrift að blaðinu fylgir félagsaðild að samtökunum og má þá einnig nálgast eldri blöð á vef samtakanna.

Bjartsýni í vikulok

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu, stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Rétt er að taka það fram að hér er hvorki um ítarlega né tæmandi greiningu að ræða, heldur samantekt sem eingöngu hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hérlendis og erlendis er margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- **Erlendir ferðamenn eyða hærri fjárhæðum á Íslandi en áður** samkvæmt tölum um endurgreiðslu virðisaukaskatts til ferðmanna. Þannig hafa alls 1,5 ma.kr. verið endurgreiddir það sem af er ári samanborið við 0,5 ma.kr. á sama tímabili í fyrra.
- **Vonir standa til þess að ferðamönnum fjölgi á næstu árum** og að þeir verði orðnir rúm milljón árið 2020, samkvæmt áætlunum Samtaka ferðaþjónustunnar. Gert er ráð fyrir um hálfri milljón erlendra ferðamanna í ár.
- **Íslenski ferðavefurinn Dohop hefur verið valinn einn af fimm bestu ferðavefjum heims** samkvæmt úttekt CNN-fréttastofunnar. Þetta eru mikil meðmæli með íslensku hugviti og til vitnis um þann kraft sem býr í íslensku nýsköpunar- og frumkvöðlastarfi.
- **Icelandair náði efstu sætum í nýrri neytendaskýrslu** sambands evrópskra flugfélaga yfir frammistöðu flugfélaga á síðasta ári. Hlaut flugfélagið mikið lof fyrir stundvísi, fullnustu fluga og skilvísi farangurs.
- **Nýja Kaupþing hefur fellt niður uppgreiðslugjald íbúðalána** sem gerir einstaklingum kleift að greiða hraðar niður skuldir sínar en áður.
- **Skógræktarfélag Íslands áformar að skapa allt að 1000 ný störf** í tengslum við uppgræðslu á grænum svæðum skógræktarfélaga landsins. Um tímabundin störf er að ræða, einkum sumarstörf til handa ungu fólki sem hefur hug á að starfa við landgræðslu.

- **Undirritaður hefur verið stöðugleikasáttmáli** aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Þetta er mikilvægur liður í að tryggja stöðugleika á vinnumarkaði við þær viðkvæmu aðstæður sem nú ríkja í efnahagsmálum þjóðarinnar.
- **OECD hefur hækkað hagvaxtarspá sína** í fyrsta skipti í tvö ár, en gert er ráð fyrir hagvexti upp á 0,7% meðal ríkja OECD á næsta ári í stað 0,1% vaxtar eins og fyrri spár gerðu ráð fyrir. Þá er einnig gert ráð fyrir að samdráttur meðal OECD-ríkja verði minni í ár en áður var talið, eða rúm 4% í stað 4,3%.
- **Svíar og Finnar hafa staðfest lán til Íslands** upp á 700 m. dollara og 500 m. dollara. Þetta er liður í samnorrænni lánveitingu til Íslands sem mun í það heila nema um 2,5 mö. dollara.
- **Munur á opinberu gengi krónu og gengi á aflandsmarkaði hefur minnkað** í vikunni. Krónan hefur styrkst á aflandsmarkaði, einkum gagnvart evru, en lítið breyst hér heima.
- **Fjöldi erlendra fjárfesta hefur lýst áhuga á að fjárfesta í Sjóvá** þegar það verður sett í sölu, sem að líkum verður í haust. Þetta er jákvætt og bendir til þess að erlendir aðilar sjái tækifæri í íslensku viðskipta- og atvinnulífi.

Góða helgi.